



Nr. 16

REGLUGERÐ

Um þátttökugjald í Íslandsmóti

1. gr.

ÍHÍ er heimilt að krefja aðildarfélög sín um þátttökugjald vegna iðkenda og er aðildarfélögum ÍHÍ skylt að skrá iðkendur sína.

2. gr.

Gjaldið er innheimt fyrir hvern skráðan iðakanda sem nær 10 ára aldri á því ári sem tímabilinu lýkur.

3. gr.

Stjórn ÍHÍ skal fyrir 15. ágúst ár hvert tilkynna aðildarfélögum sínum upphæð gjaldsins verði á því breyting á milli ára.

4. gr.

ÍHÍ sér til þess að aðildarfélögin hafi aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum. ÍHÍ er heimilt að nota félagaskráningarkerfi ÍSÍ, í þessu skyni.

5. gr.

Láti aðildarfélag óskráðan leikmann spila getur það varðað brottvísun úr leik/móti, áminningu og/eða sektum samkvæmt ákvörðun aganefndar.

6. gr.

Aðildarfélög skulu greiða þátttökugjaldið fyrir 15. nóvember ár hvert og lokauppgjör fyrir tímabilið skal fara fram fyrir 15. apríl ár hvert.

7. gr.

Komi til vanskila á skráningargjöldum er stjórn ÍHÍ heimilt að vísa viðkomandi aðildarfélagi úr keppni.